



Reykjavík, 01. júlí 2020

Efni: Upplýsingar vegna kórónuveiru og COVID -19 – Velferðarsvið sveitarfélaga

Gripíð hefur verið til margvíslegra varúðarráðstafana til að hefta útbreiðslu kórónuveirunnar og COVID -19. Huga þarf vel að viðkvæmum einstaklingum sem eru í þjónustu velferðarsviða sveitarfélaga, bæði sólarhringsþjónustu og í þjónustu á einkaheimilum. Mikilvægt er að sveitarfélög vinni samkvæmt sinni viðbragðsáætlun en meðfylgjandi eru nokkrir þættir sem horfa þarf til við framkvæmd hennar.

Heimsóknir gesta

Mikilvægt er að takmarka aðgengi heimsókna, í viðhengi er að finna almenn skilaboð sem þið getið prentað út og hengt upp í anddyrum íbúðakjarna, á vef landlæknis er að finna [skimunarspurningar](#) sem starfsfólk getur stuðst við þegar gestir koma í heimsókn. Jafnframt hvetjum við til þess að samfélagssáttmálinn sé prentaður út og hengdur upp í anddyrum, sjá [hér](#).

Í sumum tilvikum verða gestir beðnir um að heimsækja ekki stofnanir og fyrirtæki innan 14 daga frá komu til landsins frá áhættusvæði. Mælt er með því að einstaklingar sem komast hjá formlegri sóttkví vegna sýnatöku á landamærum heimsæki ekki öldrunarstofnanir eða sjúkrastofnanir nema að undangengnu samráði við viðkomandi stofnun og þá mögulega með sérstökum varúðarráðstöfunum s.s. notkun hlífðarbúnaðar.

Starfsfólk

Mikilvægt er að upplýsa starfsfólk um stöðu mála og eru allar upplýsingar að finna inn á vef Landlæknis. Það er mikilvægt að starfsfólk sé rólegt, sýni yfirvegum og reyni að draga úr ótta íbúa.

Ef upp kemur COVID-19 smit er hægt að nálgast gátlista [hér](#).

Á vef landlæknis er að finna leiðbeiningar fyrir [heilbrigðisstarfsmenn](#) sem nýtast einnig starfsfólki íbúðakjarna og herbergjasambýla.

Grunnupplýsingar fyrir börn og ungmenni sem finna má sjá [hér](#) og má staðfæra og nýta í auðlesnum texta fyrir fatlað fólk.

Komi upp sú staða að grunur sé um smit og íbúi þurfi að fara í sóttkví má finna nauðsynlegar upplýsingar um hana [hér](#). Nauðsynlegar upplýsingar frá landlækni varðandi einangrun er að finna [hér](#).

Starfsfólk sem er að koma frá útlöndum

Sóttvarnalæknir hefur ráðið íbúum Íslands frá ferðalögum á áhættusvæði um óákveðin tíma. Öll lönd nema Færeyjar og Grænland eru skilgreind sem áhættusvæði. Frá 15. júní getur fólk valið um að fara í sýnatöku eða í 14 daga sóttkví við komu til landsins.

Næmi skimunar af þessu tagi er takmarkað. Því er hugsanlegt að upp komi hópsýkingar í kjölfar þess að farið verður að beita þessari undankomuleið frá sóttkví. Hópsýkingar í heilbrigðiskerfinu eða annarri innviðastarfsemi geta verið ógn við starfsemi sem öll þjóðin treystir á að gangi snurðulaust fyrir sig.

Eindregið er mælt með því að stofnanir og fyrirtæki sem hafa verið skilgreind sem veitendur ómissandi innviðapjónustu, s.s. heilbrigðisstofnanir, orku- og veitufyrirtæki, matvælaframleiðendur o.s.frv. sem og aðilar sem sinna þjónustu við áhættuhópa, s.s. aldraða, **beiti áfram sérstökum sóttvarnaráðstöfunum á sínum starfsstöðvum eftir ferðir starfsmanna erlendis**, þegar sérfræðingar koma til starfa erlendis frá eða gestir/skjólstæðingar koma á vinnustaðinn/stofnunina skömmu eftir ferð frá áhættusvæði. Leiðbeiningar til stofnana og fyrirtækja sem sinna ómissandi innviðastarfsemi eru að finna [hér](#).

Leiðbeiningar vegna starfsmanna og ráðgefandi sérfræðinga sem verið hafa á áhættusvæði

1. Ef þekkt er að viðkomandi er staðfestur fyrri COVID-19 sjúkdómnum hér á landi = sóttkví óþörf og ekki er mælt með sýnatöku við landamærin.
2. Ef ekki er saga um fyrri, staðfestan COVID-19 sjúkdóm:
 - a. Sýnataka við komu jákvæð og mótefnaþæling jákvæð = merki um fyrri sýkingu. Einangrun aflétt þegar mótefnaþæling liggur fyrir, sóttkví óþörf.
 - b. Sýnataka við komu jákvæð og ekki merki um fyrri sýkingu skv. mótefnaþælingu: Einangrun þar til 14 dagar eru liðnir frá fyrstu einkennum/sýnatöku OG 7 dagar frá síðustu einkennum.

- c. Sýnataka við komu er neikvæð: Mælt er með frekari varúðarráðstöfunum þar sem vinnustaður er annarsvegar, þótt opinber krafa um sóttkví falli niður við þetta.
- Notast má við þær ráðstafanir sem hingað til hafa tíðkast í sóttkví B eða útfærslur af þeim (sóttkví C) skv. reglum hvernar stofnunar/fyrirtækis.
 - Einnig kemur til greina að nota tilfærslu í starfi/takmörkun á verksviði þar til sóttkví hefði verið lokið, sambærilegt og tíðkast á sjúkrastofnunum á inflúensutíma þegar starfsmaður er ekki bólusettur.
 - Ef vinnustaður óskar eftir því að starfsmaður sé alfarið frá störfum þar til sóttkví hefði annars verið lokið þarf stofnun/fyrirtæki að skoða hver ber kostnað af þeirri ráðstöfun þegar hún er ekki að kröfu heilbrigðisyfirvalda.
- d. Sýni ekki tekið við komu: Sóttkví skv. reglum heilbrigðisyfirvalda. Við þessar aðstæður eru nokkrir möguleikar sem koma til greina:
- i. Formleg sóttkví kláruð áður en viðkomandi hefur störf. Þetta er áreiðanlegasta leiðin til að hindra að smit berist inn á vinnustað þar sem mjög litlar líkur eru á að smitkeðja komi upp eftir að sóttkví lýkur ef engin einkenni koma fram á sóttkvíartímabili.
 - ii. Ef sóttkví er ekki fýsileg áður en viðkomandi hefur störf:
 - A. Sóttkví við störf (sóttkví B) skv. leiðbeiningum sóttvarnalæknis og/eða viðkomandi heilbrigðisstofnunar.
 - B. Mótefnaæling. Sýni sent á LSH á kostnað stofnunar (vinnuveitenda) sem sendir. Starfsmaður skal fylgja reglum um sóttkví/sóttkví B meðan niðurstöðu er beðið. Ef niðurstöður benda til að starfsmaður hafi þegar myndað mótefni gegn SARS-CoV-2 má sækja um að sóttkví verði felld niður hjá sóttvarnalækni. Ef ekki eru merki um að starfsmaður hafi þegar mótefni gegn SARS-CoV-2 skal beita sóttkví B.

Ábyrgð starfsmanna sem dvalið hafa á áhættusvæði

Starfsmenn sem dvalið hafa á áhættusvæði en komast hjá formlegri sóttkví vegna skimunar eða starfa í sóttkví þurfa að fylgjast með einkennum skv. eftirtöldu:

- Hiti $>38^{\circ}\text{C}$ (ath! ef eiginleg sóttkví á vinnustað er mælt með a.m.k. daglegri hitamælingu).
- Kvef eða hálsærindi, skyndileg breyting á lyktar- eða bragðskyni.

- Nýtilkominn hósti eða mæði/andþyngsli.
- Þreyta, höfuðverkur, vöðva- eða beinverkir.

Ef einkenni koma fram skal draga sig í hlé eða fara heim ef í vinnu, láta yfirmann vita af einkennum og hafa samband við heilsugæslu til að óska eftir læknisfræðilegu mati m.t.t. COVID-19.

Gátlisti starfsfólks

Þegar hluti starfsliðs hefur verið á hættusvæði innan 14 daga ættu allir starfsmenn að:

- Efla sýkingavarnir með góðu hreinlæti og beita grundvallarsmitgát öllum stundum.
- Þekkja einkenni COVID-19 sýkingar og smitleiðir veirunnar:
 - Helstu einkenni: Hiti $>38^{\circ}\text{C}$, hósti, andþyngsli, verkir (höfuð-, vöðva-, bein-) og slappleiki, kvefeinkenni, hálssærindi eða breytingar á bragð- og lyktarskyni.
 - Smitleiðir: Dropasmit frá öndunarfærum og snertismit ef dropar hafa mengað hendur eða yfirborð sem aðrir snerta.
- Kynna sér reglur sem gilda á vinnustaðnum fyrir starfsmenn, skjólstæðinga/viðskiptavini eða gesti sem hafa dvalið á áhættusvæði innan 14 daga.
- Upplýsa næsta yfirmann ef grunur vaknar um COVID-19 á vinnustað.
- Vera reiðubúinn að sinna samstarfsmanni, skjólstæðingi eða gesti með einkenni COVID-19 með viðeigandi varúðarráðstöfunum.

Hlífðarfatnaður

Komi upp staðfest smit þarf starfsmaður að nota viðeigandi hlífðarfatnað, [hér](#) má sjá hver hann er. [Hér](#) má finna myndband sem sýnir hvernig á að klæða sig í og úr hlífðarfatnaði.

Nauðsynlegt er að ítreka mikilvægi handþvottar með sápu og notkunar á handspritti við alla starfsmenn.

Upplýsingar um pantanir á hlífðarbúnaði og aðrar upplýsingar um hlífðarbúnað eru að finna [hér](#).

Á vef embætti landlæknis er að finna ítarlegar upplýsingar <https://www.landlaeknir.is/>.

Virðingarfyllst,
Samhæfingarstöð almannavarna

Meðfylgjandi eru tenglar á þau skjöl sem vísað er í hér að ofan:

Skimunarspurningar

<https://www.landlaeknir.is/um-embattid/greinar/grein/item39198/Skimunarspurningar-fyrir-fartheaga-eda-sjuklinga-med-einkenni-ondunarfaerasykingar>

Samfélagssáttmálinn

<https://www.covid.is/samfelagssattmali>

Gátlisti ef upp kemur COVID-19 smit

<https://www.ahs.is/wp-content/uploads/2020/04/Lei%C3%B0beiningar-ef-upp-kemur-smit-%C3%AD-stofnunum-og-%C3%A1-starfst%C3%B6%C3%B0vum-sveitarf%C3%A9laga-30.04.2020.pdf>

Leiðbeiningar til heilbrigðisstarfsmanna vegna COVID-19

<https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item40387/Lei%C3%B0beiningar%20fyrir%20%C3%AD%20heilbrig%C3%B0is%C3%BEj%C3%B3nustu%20%C3%A1%20ney%C3%B0arstigi.%2023.03.2020.pdf>

Grunnupplýsingar fyrir börn og ungmenn

https://www.landlaeknir.is/um-embattid/greinar/grein/item39277/Ef-COVID-19-koronaveiran-berst-til-Islands---upplýsingar-fyrir-born-og-ungmenni?fbclid=IwAR2n9yjQfQPktmcQCJBFnplFeDhWSnuNDp3jXr_ZDLxhosuVyKs94TveyyY

Leiðbeiningar um sóttkví

<https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item38990/Lei%C3%B0beiningar%20fyrir%20almenning%20var%C3%B0andi%20s%C3%B3ttkv%C3%AD%20%C3%AD%20heimah%C3%BAsi%2009032020.pdf>

Leiðbeiningar um eingangrun

<https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item38989/Lei%C3%B0beiningar%20fyrir%20almenning%20var%C3%B0andi%20eingangrun%20%C3%AD%20heimah%C3%BAsi%2024032020.pdf>

Leiðbeiningar til stofnana og fyrirtækja sem sinna ómissandi innviðastarfsemi

<https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item41758/S%C3%B3ttvarnar%C3%A1%C3%B0stafanir%20eftir%20s%C3%BDnat%C3%B6ku%2014.06.2020.pdf>

Hlífðarbúnaður í farsótt

<https://www.landlaeknir.is/smit-og-sottvarnir/sykingavarnir-innan-heilbrigdisthjonustu/hlifdarbunadur%20i%20farsott/>

Myndband sem sýnir hvernig á að klæða sig í og úr hlífðarfátnaði

<https://www.youtube.com/watch?v=zNVUPei2SVc&feature=youtu.be>

Pantanir á hlífðarbúnaði

<https://www.ahs.is/wp-content/uploads/2020/04/Uppl%C3%BDsingar-til-velfer%C3%B0arsvi%C3%B0a-06.04.2020.pdf>